

greiða eftirstöðvarnar málskostnaðarlaust eða málskostnaðurinn verði lækkaður hlutfallslega við kröfuna. Stefnandi hefir hinsvegar haldið því fram í fyrsta lagi, að engar skemmdir hafi verið á húsgögnunum, en þó svo hafi verið, þá sé stefndur búinn að fyrirgera rétti sínum til skaðabóta út af þeim, vegna þess, að hann hafi alls ekki tilkynnt seljandanum, Ganddalens Möbelfabrik, skemmdirnar.

Stefndur hefir nú ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að umræddar vörur hafi verið skemmdar, né heldur, að hann hafi sent umbjóðanda stefnandans nokkra „Reklamation“ út af þeim. Verða því framangreind mótmæli stefnds ekki tekin til greina heldur ber að taka dómkröfur stefnandans til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 8. apríl 1932.

Nr. 27/1932. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Sæmundi Albertssyni

(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðalagabrot. Skaðabótagreiðsla.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 15. dez. 1391: Kærður, Sæmundur Albertsson, greiði 100 króna sekt í rikissjóð, en sé sektin eigi greidd innan 14 daga frá löglegri birtingu dómsins, afplánist hún með 10 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði kærður Charles Bjarnasyni skaðabætur fyrir skemmdir á bifreið Í. S. 10, eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, þó eigi yfir 2212 kr. með 5% ársvöxtum frá 6. sept. þ. á. til greiðsludags.

Ennfremur greiði kærður Charles Bjarnasyni 500 kr. fyrir atvinnutjón.

Loks greiði kærður allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Ídæmdar skaðabætur greiði kærður innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi ók kærði röngu megin á veginum og varð með því valdur að árekstri bifreiðanna. Ennfremur er það upplýst, að kærði hefir vanrækt að halda við lögboðinni tryggingu fyrir bifreið sína. Hefir kærði með þessu gerzt brotlegur gegn 7. og 17. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, sbr. 1. gr. laga nr. 56, 14. júní 1929 og nú lög nr. 70, 8. sept. 1931. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkv. 14. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, 150 kr. sekt í rikissjóð og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa. Þá verður og að dæma kærða til að greiða Charles Bjarnasyni, eiganda bifreiðarinnar Í. S. nr. 10, skaðabætur fyrir skemmdir þær, er urðu á bifreið þessari við áreksturinn, og fyrir atvinnutjón það, er þær skemmdir hafa valdið honum, hvorttveggja eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, þó svo, að bætur fyrir skemmdir á bifreiðinni greiðist eigi með hærri upphæð en kr. 2212,05, og bætur fyrir atvinnutjón eigi með hærri upphæð en kr. 500,00, en hvortveggja upphæðin greiðist með 5% ársvöxtum frá 11. dez. 1931 til greiðsludags.

Allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti greiði kærði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sæmundur Albertsson, greiði 150 kr. sekt í rikissjóð og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði og Charles Bjarnasyni, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, bætur fyrir skemmdir á bifreiðinni Í. S. nr. 10, þó eigi hærri en kr. 2212,05, og bætur fyrir atvinnutjón, þó eigi hærri en kr. 500,00, hvorutveggja þessa bótagreiðslu með 5% ársvöxtum frá 11. dez. 1931 til greiðsludags.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Lárusar Jóhannessonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu, sem höfðað er af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærðum, Sæmundi Albertssyni, bílstjóra hér í bænum, fyrir brot á lögum nr. 56, 1926, um notkun bifreiða, með eigin játningu kærðs og öðrum gögnum, að tildrög málsins eru þau, er hér greinir.

Sunnudaginn 6. sept. þ. á. kl. 7 e. h. varð árekstur milli bifreiðanna Í. S. 36 eign kærðs og Í. S. 10 eign Charlesar Bjarnasonar bílstjóra hér í bænum með þeim hætti, að fyrnefnda bifreiðin, er kærður stýrði og kom frá Ísafirði, á leið inn í Tunguskóg, mætti síðarnefndri bifreið, er kom innan úr skógi, á skógarbrautinni, gengt bænum Tungu, en í stað þess að vikja til vinstri hliðar, vék hann til hægri hliðar þannig, að áreksturinn varð óhjákvæmilegur, með því að hin bifreiðin, er kom á móti innan að, hafði vikið út á vinstri vegröndina eða jafnvel út fyrir vegarröndina.

Bifreið kærðs fór með 10—12 km. hraða, er hún rakst á hina bifreiðina, braut hana mikið og hefir hún eigi ver-

ið nothæf síðan. Í bifreið Í. S. 10 voru 6 menn auk bilstjóra, en ekkert sakaði þá.

Þar eð það nú er upplýst í málinu, að kærður ók á bifreið Í. S. 10, á hægri vegarbrúninni, miðað við stefnu bifreiðar kærðs, hefir hann með því að aka öfugu megin á brautinni, brotið umferðarreglurnar og valdið árekstrinum. En með þessu framferði sínu hefir kærður brotið gegn 7. gr. bifreiðarlaganna, nr. 56, 1926, og þykir refsing sú, er hann, er sætt hefir 25 kr. lögregluréttarsekt 14. apríl f. á. fyrir brot á lögreglusamþykkt Ísafjarðar, en annars eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, eftir atvikum hæfilega metin 100 kr. sekt í rikissjóð samkv. 14. gr. téðra laga. Sektina greiði hann innan 14 daga frá lölegri birtingu dómsins ella afplánist hún með 10 daga einföldu fangelsi. Þá ber kærðum að bæta fyrir skemmdir þær, er urðu á bifreið Í. S. 10 við áreksturinn. En með því, að eigi liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar um skemmdir bifreiðarinnar og skaða þann, er hún hefir orðið fyrir, þar eða eigi lánaðist að upplýsa það undir rekstri málsins, þykir verða að ákveða skaðann eftir mati dómkvaddra þar til hæfra manna og greiði kærður eiganda bifreiðar Í. S. 10 þá upphæð, er þeir meta, þó eigi yfir 2212 kr. ásamt 5% ársvöxtum frá 6. sept. þ. á. til greiðsludags.

Þar sem það ennfremur er upplýst í málinu, að bifreiðin varð ónothæf við áreksturinn og hefir verið síðan, verður að skylda kærðan til að greiða eiganda bifreiðarinnar bætur fyrir atvinnutjón, er eftir atvikum þykir hæfilega metið 500 kr.

Loks ber og kærðum að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

